

Nd.

70. Frumvarp til laga

[54. mál]

um breyting á sjúkrahúslögum, nr. 93 31. des. 1953, og lögum nr. 31 25. maí 1960, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Ágúst Þorvaldsson, Karl Guðjónsson.

1. gr.

Á eftir 1. málsli. 2. málsgr. 10. gr. laga nr. 93 31. des. 1953 bætist við nýr málsliður, svo hljóðandi:

Sama skal gilda um bæjarsjúkrahús Vestmannaeyja.

2. gr.

Á eftir orðinu „Fjórðungssjúkrahús“ í 3. tölulið 2. gr. laga nr. 31 25. maí 1960 komi: og bæjarsjúkrahús Vestmannaeyja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp var flutt á síðasta Alþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Í frv. þessu er gert ráð fyrir því, að sjúkrahús Vestmannaeyja fái sömu fyrirgreiðslu af hálfu ríkissjóðs um stofnkostnað og rekstrarstyrk og fjórðungssjúkrahúsum er ætluð í lögum.

Í Vestmannaeyjum ríkir mikill áhugi um byggingu nýs og fullkomins sjúkrahúss með hinum bezta aðbúnaði. Sjúkrahús Vestmannaeyja er yfir 30 ára gamalt, byggt á sínum tíma af myndarskap, en nú talið úr sér gengið og ófullnægjandi miðað við nútímans kröfur. Læknávisindum hefur fleygt fram og kröfur til sjúkrahjónustu síaukizt. Fólkið getur ekki sætt sig við annað en hið bezta í þessu efni og á fullan rétt til þess. Því ber að skapa læknum, hjúkrunarliði og öðru hjálparfólki hina ákjósanlegustu aðstöðu í hinni mikilvægu þjónustu. Góðum starfskröftum verður svo bezt haldið, að þeim séu búin sem fullkomnust ytri skilyrði, og víst er, að því aðeins koma nýir og nýtir starfsmenn til, sem jafnan getur þurft á að halda, að vel sé allrar aðstöðu gætt. Ef þannig væri öllu til skila haldið, þá er jafnframt, sem er aðalatriðið, hagsmunum sjúklinganna betur borgið. Allt er þetta auðsætt.

Vestmannaeyjar hafa verið afskiptar mjög sakir legu sinnar og afstöðu til annarra byggðarlaga, einangrun verið hlutskipti bæjarbúa, þótt rofin hafi verið að nokkru og í ýmsu reynt að bæta úr. En þrátt fyrir greiðari samgöngur er ljóst, að bæjarfélagið verður í sjúkrahúsmálum að búa sem mest og bezt að sínu framvegis svo sem hingað til. Hér er um algera sérstöðu að ræða, sem hvorki sjúkrahús á Suðurlandsundirlöndinu bætir úr né sjúkrahúsin í Reykjavík, svo að nokkru nemi.

Íbúatala Eyjanna er um 4700. Á vetrarvertíð sækir þangað á annað þúsund manns víðs vegar að í atvinnuskyni. Þá kemur þangað fjöldi skipa með hundruð manna, sem leita margvíslegrar þjónustu, m. a. sjúkrahjálpar. Starf bæjarbúa er að meginhluta unnið í þágu sjávarútvegs og oft hið áhættusamasta. Geta má þess, að allverulegur hluti af útflutningsverðmætum þjóðarinnar kemur frá Vestmannaeyjum. Eiga Vestmannaeyjar einnig í því efni nokkra sérstöðu.

Aðstöðumun bæjarbúa í sjúkrahúsmálum ber þjóðfélaginu að jafna og því eigi aðeins rétt, heldur einnig skylt að koma hér til móts við eðlilegar óskir.

Svo hljóðandi ályktun hefur bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkt:

„Bæjarstjórnin beinir áskorun til þingmanna Suðurlandskjördæmis um að flytja frumvarp á komandi Alþingi um fjárframlag til sjúkrahússbyggingar í Vestmannaeyjum og njóti sjúkrahúsið hliðstæðrar fyrirgreiðslu um fjárframlög og réttindi eins og fjórðungssjúkrahús hafa notið eða kunna að njóta.“

Þessari hóflegu áskorun hafa svo fylgt athafnir af hálfu Vestmanneyinga. Safnað hefur verið fjármagni til sjúkrahússbyggingar. Munu vera um 800 þús. kr. þegar í byggingarsjóði, og ætlað er, að við næstu áramót verði þar handbært fé um 1 millj. króna.

Þannig er fullljóst, að hugur fylgir máli og allir bæjarbúar standa hér að óskiptir, enda verður ekki um villzt, að hér er mikið í húfi og mikils um vert, að fljótt og vel til takist.

Það er því von flm., að frumvarpi þessu verði vel tekið og það fái fulln aðarafgreiðslu á þessu þingi.“